

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Eskifjarðarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins, eða þeir sem hann felur það verkefni. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar hreppsins.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sorphreinsunarmenn sjá um að koma fyrir í þar til gerðum sorpskápum, sem starfsmenn hreppsins ganga frá í samráði við húseigendur. Heimilt er húseigendum að ganga frá sorpskápum í samráði við starfsmenn hreppsins.

3. gr.

Húseigendum ber að sjá um málningu og viðhald á sorpskápunum. Einnig að hafa jafnan greiðfæran stíg að skápunum að minnsta kosti 1 meters breiðan.

4. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka.

Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorpilátin.

5. gr.

Við hvert íbúðarhús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili. Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíða eða ef kemur til stöðvunar á sorphreinsun, þá ber húseigendum að hafa samband við starfsmenn hreppsins, sem munu afhenda aukapoka eftir þörfum.

6. gr.

Sorphreinsun skal fara fram á virkum dögum, á tímabilinu frá kl. 7.00 til kl. 23.00 og ekki á öðrum tímum. Skal hún framkvæmd vikulega, ef færð og aðrar aðstæður leyfa, en þó eigi sjaldnar en 40 sinnum á ári.

7. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum, einnig blautu sorpi, áður en það er sett í pokana.

8. gr.

Óheimilt er að setja mold, grjót, mól og úrgangsefni frá byggingum í pokana. Slik efni skulu flutt á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Sama gildir um brotajárn og bílahræ.

9. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva, svo sem bensín eða olíur í sorpilát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra. Einnig er bannað að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg, sömuleiðis er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Þeim aðilum, (þar með talin skip og bátar) sem losna þurfa við úrgangsolíur og önnur slik efni, ber að láta þau í tillukt ílát, tilkynna það svo sorphreissunarmönnum, sem sjá um að eyða efnunum undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

10. gr.

Fyrirferðarmikinn en brennanlegan úrgang, svo sem umbúðir, timburafganga og því um líkt, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar sjá um að flytja á sorpbrennslustað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

11. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að innheimta sérstaka greiðslu fyrir eyðingu meiri háttar úrgangs, svo sem frá matsölustöðum, sláturhúsum, frystihúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

12. gr.

Aukahreinsun skal fara fram á hverju vori, svo að húseigendur geti losnað við allt það sorp, sem til fellur við venjulega lóðarhreinsun. Þessi hreinsun skal sérstaklega auglýst.

13. gr.

Sorphreissunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka. Öll sorpbrennsla er óheimil annars staðar en á sorphaugunum eða í sorpbrennslustöð.

14. gr.

Kvörtunum vegna sorphreissunar skal komið skriflega til sveitarstjórnar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hugsanleg vafatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka).

15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreissun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreissunargjald, skv. nánari ákvörðun, skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. janúar 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.*Ingimar Sigurðsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Málfríðar og Nils G. Nielsens til styrktar ekkjum og börnum látinna sjómanna á Íslandi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta, ef unnt er, í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum, eða á annan jafntryggan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk til ekkna og barna látinna sjómanna á Íslandi. Stjórn sjóðsins er óbundin við úthlutun styrkja og er skerðing höfuðstóls heimil, ef meiri háttar sjóslys ber að höndum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa tveir menn skipaðir af félagsmálaráðherra til 4 ára í senn. Sjóðsstjórnin inni verk þetta af hendi án endurgjalds, en greiða skal útlagðan kostnað.

5. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisins og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 27. desember 1973.

Sigurður Guðgeirsson.

Snorri Jónsson.